

Fundur 17.2.2025 Olof Palme.

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið.*

Þakka ég fyrir að koma hér aftur í sambandið og hefur mér orðið mjög ágengt á braut minni á þessum hnetti og þrátt fyrir að ekki sé ég laus undan þeim erfiðleikum sem ég lýsti áður er ég kom í ykkar samband.

Hef ég nú tileinkað mér annað viðhorf og er ákveðinn að losna úr þessum stað, en hjálpa þó öðru fólki fyrst og verður það mér til gagns og hamingju.

Og fannst mér mjög gott að koma í ykkar samband og fann ég fyrir réttum hugsunum og lífstefnu brautinni sem hjálpaði mér, en á minni framfara leið hafa verið ótal margar hindranir og er langt frá því að ég sé laus undan þeim öllum, enda hefur það verið svo að þegar heilsan hefur verið með betra móti, þá hefur verið nóg af andstæðingum, mannlegum andstæðingum og hættum í náttúrunnar ríki, sem hafa hindrað árangur.

En reynum þó að samstillja okkur meira og meira gegn öllum þeim hættum sem steðja að okkur og safna nægum matarforða og öðru fyrir hvern dag.

Og hefur mér orðið ágengt í því að skilja hvaða hópar eru hættulegastir og hvaða hópum er treystandi til að stofna til bandalags við í þessari lífsbaráttu, sem við hér heygjum.

Og sumir þeirra eru vitsmunalega vel búnir tiltölulega, og ég hef hlustað á boðskap þeirra sumra og látið af minni kristnu trú og öðrum fyrirfram sannfæringum og skoðunum sem ég hafði á jörðinni, og þótt ég fallist ekki á allar þeirra mismunandi trúarskoðanir og viðhorf, held ég að betur gangi að mynda bandalög og finna okkur leið inn á landsvæði þar sem öruggara er um fótfestu og sólin er hærra á lofti og lífsbjörgin öll miklu auðveldari.

Verður mér oft hugsað til gamla landsins og gömlu jarðarinnar og sé ég það nú hversu dýrmætt það er, að til er hópur á gömlu jörðinni sem veit að við erum efniskenndar verur en ekki andar.

Hér er margt af landslaginu að segja og hefur mér tekist að forðast ákveðið klettabelti þar sem margir leita sér að æti, en þar sem hin hættulegu tré eru, sem menn festast í og geta orðið manns bani ef fólk er ekki hrifið úr þeim nógu snemma.

Og hef ég einnig forðast hellana þar sem leðurblökur og önnur kvikindi eru á sveimi, en einnig önnur dýr sem nauðsynlegt er að veiða sér til matar.

Eru hér einnig sjávarfang og erum við komin úr landinu þar sem eldgos eru tíð og mun það vera ekki ósvipað ykkar landi.

En ég finn nú að orkan minnkar og þakka ég fyrir mig, tel ég að framför hafi orðið hjá okkur hér og þakka ég fyrir góðar ráðleggingar frá ykkur síðast.

*Ekki ert þú Olof Palme ? Olof Palme, já rétt er það. Gaman að heyra frá þér. Já.*

*Vonandi gengu þetta vel.*

Já þakka ég fyrir mig og mun ég reyna að koma með fréttir síðar og vonandi þá kominn á betri braut.

Ég þakka fyrir mig og verið þið blessuð og sæl.

*Vertu blessaður og gangi þér vel.*